

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 31. október 2023

Mál nr. S-5560/2022:

Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Silja Rán Arnarsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Péttri Péturssyni

(Þórir Örn Árnason lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 3. október sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af lögrelustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 29. nóvember 2022, á hendur: „Péttri Péturssyni [...] fyrir fjárdrátt með því að hafa, [...] 2018, dregið sér fé að fjárhæð kr. 640.000 úr einkahlutafélaginu A en ákærði var einn af eigendum félagsins og prókúruhafi og tók upphæðina út í reiðufé af reikningi félagsins nr. [...] og nýtti í eigin þágu.

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

I

- Málið var þingfest 15. febrúar 2023 en ákærði sótti ekki þing og var hann þá búsettur erlendis. Var málinu frestað til 22. febrúar 2023 og kom ákærði þá fyrir dóminn í gegnum fjarfundarbúnað og neitaði sök. Var málinu frestað ótiltekið og fært til bókar að því yrði úthlutað til embættisdómara.
- Málinu var úthlutað dómara 30. mars 2023 sem hafði fram að því ekki haft nein afskipti af meðferð þess. Var málið tekið fyrir 25. apríl 2023 og skilaði verjandi ákærða þá greinargerð og var málinu frestað til aðalmeðferðar 13. september 2023. Fyrirhugaðri aðalmeðferð var frestað utan réttar að beiðni sækjanda og með samþykki verjanda til 3. október 2023 og var málið dómtekið þann dag.
- Af hálfu ákærða var skilað greinargerð samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga um meðferð

sakamála nr. 88/2008. Ákærði krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins en til vara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar er lög leyfa. Þá krefst verjandi ákærða hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði. Byggir ákærði sýknukröfu sína aðallega á því að ósannaður sé með öllu ásetningur hans til ólögmeats ávinnings eða auðgunar.

II

Málsatvik

4. Lögregla móttók [...] 2019 kæru lögmanns A á hendur ákærða, dags. [...] 2018, vegna meints brots gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Atvikum er lýst svo í kæru að meðstjórnendur í þriggja manna stjórn í félaginu, B og C, hafi leitað til lögmanns og óskað eftir því að hann legði fram kæru á hendur stjórnarmanni félagsins, ákærða. Varðaði málið fjárdrátt, eða eftir atvikum gripdeild, og var ákærði talinn hafa [...] 2018 tekið allt fé, sem hafi átt að nota í daglegan rekstur félagsins, út af reikningi félagsins. Alls hafi verið um að ræða 640.000 krónur í peningum sem tekið hafi verið út án skýringa og án samþykkis annarra stjórnarmanna og framkvæmdastjóra félagsins. Þá segir í kærinni að B sé jafnframt framkvæmdastjóri einkahlutafélagsins og að C sjái einnig um bókhald þess. Hafi ákærði verið 50% eigandi einkahlutafélagsins á móti D ehf., ætti ákærði 15% hlut í því félagi og sæi C einnig um bókhald þess.
5. Er því lýst svo í kærinni að ákærði hafi tekið féð út af reikningnum kl. 10:59 þennan dag og hafi hann sama dag kl. 15:00 verið á hluthafafundi í E ehf. ásamt C, B og þeim lögmanni félagsins sem lagði fram kæruna, auk fleiri aðila. Þá hafi hann ekkert minnst á að hafa tekið peningana út. Segir í kærinni að talið sé að ákærði hafi farið af landi brott um kvöldið en hann hafi verið búsettur á Y um árabíl. Ákærði hafi ekki komið að daglegum rekstri félagsins og ekki sýslað með fjárreiður þess þó svo að hann hafi verið prókúruhafi á reikningnum þess. Þá sé hann ekki launamaður hjá félaginu en það hafi ekki greitt laun fyrir stjórnarsetu. Hafi úttekt hans verið óheimil með öllu.
6. Er það rakið í kæru að lögmaður félagsins hafi, [...] 2018, sent lögmanni ákærða tölvupóst og vakið athygli á broti ákærða. Segir í svari lögmannsins að ákærði hafi tekið fjármunina í vörslur sínar þar sem umbjóðandi lögmannsins hafi ráðstafað fjármunum heimildarlaust inn á reikninga D ehf. án nokkurrar greiðsluskyldu. Ekki hafi verið neinn ásetningur til auðgunar af hálfu ákærða heldur hafi hann verið að fyrirbyggja frekari óréttmæta og eftir atvikum refsiverða auðgun annarra. Hann hafi sinnt skyldum sínum

sem stjórnarmaður félagsins og varslað fjármunina og muni boða fljótlega til fundar vegna fjármuna félagsins.

7. Var framangreindum tölvupósti lögmannsins svarað sama dag af B. Þar segir m.a. að það sé heilmikill munur á því að greiða lögmeta reikninga frá fyrirtæki sem hafi lagt út fyrir A og að taka fé út af reikningi félagsins í skjóli þagnar eins og gert hefði verið í þessu tilviki. Væri ákærði væntanlega að vísa til greiðslna til D ehf. og væru þær allar sýnilegar í bókhaldi félagsins. Var skýringunum hafnað og þær taldar haldlausar með öllu. Með tölvupósti [...] 2018 var þess krafist að ákærði skilaði fjármununum en þeirri kröfu hafi ekki verið sinnt. Þá hafi ákærði ekki boðað til fundar í A og hefði hluthafafundur ekki verið haldinn til fjölda ára. Er sú krafa sett fram í kærinni að fjármununum verði skilað og ákærði greiði að auki dráttarvexti frá [...] 2018.
8. Fyrir liggur viðskiptakvittun Íslandsbanka, Hagasmára 3, Kópavogi, dags. [...] 2018, og kemur þar fram að þá hafi verið teknar út í peningum 640.000 krónur af reikningi A, nr. [...].
9. Þá liggja fyrir tölvupóstsamskipti milli aðila. Með greinargerð sinni lagði ákærði einnig fram reikningsyfirlit vegna reiknings F ehf. (F), nr. [...], vegna tímabilsins [...] 2018 til [...] 2023. Þar kemur fram að vitnið G hafi, [...] 2018, lagt inn á reikninginn 610.000 krónur og [...] 2019 hafi verið greiddar 555.680 krónur út af reikningnum til aðila erlendis. Einnig lagði ákærði fram með greinargerð sinni vottorð hlutafélagaskrár yfir gildandi skráningu A, dags. [...] 2023, kæru til lögreglu, dags. [...] 2022, á hendur vitnunum C og B og afrit af tölvupóstum milli verjanda ákærða og ákæruvalds. Þá var af hálfu ákæruvaldsins lagt fram við upphaf aðalmeðferðar annars vegar skýrsla rannsakanda málsins og hins vegar skýrsla sérfræðings. Í síðarnefnda skjalinu kemur fram að í bókhaldi félagsins hafi krafa vegna úttektarinnar verið færð sem krafa á tengdan aðila og að ekki liggi nein gögn fyrir um það í bókhaldi að ákærði hafi reynt að endurgreiða fjármunina eða að hann hafi notað þá í þágu félagsins.
10. Með bréfi, dags. [...] 2018, tilkynnti lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu kærendum um þá ákvörðun embættisins að vísa kærinni frá með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála. Kærundur kærðu ákvörðun þessa til ríkissaksóknara með vísan til 6. mgr. sama lagaákvæðis, sem með ákvörðun sinni, dags. [...] 2019, felldi ákvörðun lögreglustjórans úr gildi og lagði fyrir hann að taka málið til rannsóknar. Segir m.a. í niðurstöðu ríkissaksóknara að með hliðsjón af gögnum málsins verði ekki séð að ráðstöfun fjármunanna, sem ákærði virðist hafa tekið upp á sitt einsdæmi að framkvæma,

hafi verið í þágu eigenda þeirra. Hafi fjármunirnir átt að vera tiltækir á bankareikningi félagsins til notkunar í daglegum rekstri þess. Því bendi háttsemi ákærða eindregið til þess að með henni hafi ákærði tileinkað sér fjármunina og þannig svipt eiganda umráðum þeirra. Þá taldi ríkissaksóknari að skýring lögmanns ákærða fyrir háttsemi ákærða væri hæpin og þarfnaðist nánari skoðunar. Væri ekki fallist á þá skýringu lögreglustjóra að málið varðaði einkaréttarlegan ágreining milli þeirra sem stæðu að kærinni annars vegar og ákærða hins vegar.

III

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

11. Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna fyrir dómi að því marki sem nauðsynlegt er til úrlausnar málsins.
12. Ákærði sagði að þessir peningar hefðu verið teknir út úr félaginu og lagðir inn í annað félag, F, og væri hann með kvittun fyrir því. Spurður hvers vegna hann hefði ekki millifært yfir á F sagði ákærði að hann hefði verið í [...], farið í bankann og talað þar við konu sem hefði verið yfirmaður í bankanum og héti líklega [...]. Þau hefðu rætt saman um félagið og hún bent honum á að hann ætti strax að *ná sér í lögfræðing*. Hefði henni fundist eitthvað vera óeðlilegt við þetta fyrirtæki, eins og hann og G hafði grunað, en ekki gefið meira út á það. Í framhaldi af því hefði hann tekið þessa peninga út af því að það hefði verið skuld á milli fyrirtækjanna. Með því að taka þá út og færa yfir á F hefði hann verið að passa upp á að ekki rynni meira fé út úr félaginu.
13. Ákærði sagði að A og F hefðu að hluta til verið í eigu sömu aðila. Tilgangurinn með A hefði verið að setja upp fyrirtæki sem hafi átt að hafa það hlutverk að selja höfundaréttarvarið efni inn á hótél sem yrði hægt að nálgast þar í sjónvarpi. F hefði unnið mikið fyrir A og hefðu verið viðskipti á milli þessara félaga eins og fram komi í bókhaldi. F hefði séð um *server*, *stream* og almenn tæknimál fyrir hótél sem A hefði verið að selja þjónustu til. *Serverarnir* hefðu verið frá F og keypti A þessa þjónustu frá F og átti að greiða fyrir hana. Þá hefðu hótélin einnig þurft að greiða *license* fyrir hvert sjónvarp sem hefði verið á hótélunum.
14. Kvaðst ákærði ekki hafa komið mikið að daglegum rekstri félagsins og hafi treyst kærendum fyrir honum. B hefði verið framkvæmdastjóri og C séð um bókhaldið. Kvaðst ákærði telja að ekki hefði verið staðfest að þau gögn sem ákærvaldið byggði á væru frá A. Lögreglan hefði ekki verið með bókhaldið undir höndum við rannsókn málsins. Þar

sem hann geti ekki séð *original* bókhald félagsins sé erfitt fyrir hann að tala um þetta. Ákærði kvaðst ekki vita til þess að hann hefði fengið laun frá A en hann hefði verið stjórnarmaður í félaginu. Ákærði sagði að eignarhaldið á þessum félögum hefði verið þannig að hann hefði persónulega átt 50% í A og E ehf. hefðu átt 50% en það félag hefði B verið með og hefði það orðið gjaldþrota. Kvaðst ákærði hafa keypt hlutinn í félaginu af þrotabúinu. Þá hefði hann sjálfur átt 7,5% hlut í F og [einstaklingur tengdur] ákærða hefði átt eins hlut. Þá hefði D ehf. átt 15 eða 20% hlut.

15. Þá var ákærða kynnt að samkvæmt þeim gögnum sem liggi fyrir hafi félagið verið í litlum viðskiptum við F og að viðskiptin árið 2018 hefðu öll verið við H ehf. og I ehf. og hann spurður hvað hefði breyst. Sagði ákærði að H ehf. væri fyrirtæki sem B, fyrrverandi framkvæmdastjóri A, hefði sett upp og byrjað að færa eignir frá A til H ehf. og hefði *holað* allt fyrirtækið að innan. Ef H ehf. væri skoðað núna sæist að það væri með veltu á hótélunum sem ekki væru lengur hjá A. Á árinu 2018 hefði mikið fé runnið frá A til H ehf. en hann viti ekki vegna hvers. Vitnaði hann hvað þetta varðar í bókhaldsgögn fyrirtækisins og sagði að þeim væri haldið af C og B. Ákærða var kynnt að samkvæmt greiningarskýrslu lögreglu hefðu skuldir A við tengda aðila í félaginu verið 6,6 milljónir árið 2017 og hann spurður hvort hann viti við hverja þessar skuldir hefðu verið. Ákærði kvaðst ekki hafa hugmynd um það þar sem hann hefði ekki þessi gögn en hann hefði lagt félaginu til einhverja peninga á þessum tíma.
16. Ákærði sagði að hann og G hefðu reynt að halda áfram með rekstur A og hefði hann kært endurskoðanda félagsins til ríkisskattstjóra vegna aðkomu hans að málinu. Hann hefði óumbeðinn skilað inn ársskýrslum fyrir félagið án þess að ákærði kæmi að því sem stjórnarformaður; hann hefði ekki fengið að sjá skýrslurnar eða undirrita þær. Hefði ríkisskattstjóri sagt að ef ákærði samþykkti ekki þessar skýrslur yrði að taka þær til baka. Væri fyrirtækið því *með sektir og annað á sér* vegna þess að þau hefðu ekki gögn fyrirtækisins. Enn væri einhver starfsemi hjá félaginu en ekki á þessu sviði.
17. Sagði ákærði að hann hefði tekið peningana út í reiðufé, fengið þá í umslagi, tekið með sér til [...] og afhent G, sem þá var bókari fyrirtækisins, til vörslu. G hefði geymt peningana en síðan lagt þá inn á F en það félag hefði einungis verið með einn reikning. Peningarnir hefðu legið þar en ekki löngu seinna hefði félagið verið tekið til gjaldþrotaskipta. Ekkert af þessu fé hefði verið tekið út af reikningnum heldur verið notað í rekstur F. Það sem eftir var af peningunum hefði þá enn verið inni á reikningnum. Hefðu B og C einnig séð um bókhald F en hann á endanum fengið féð afhent. Hann hefði

náð félaginu úr gjaldþroti en það hefði síðan verið afskráð árið 2023 þar sem ekki hefði verið hægt að leggja fram fullnægjandi gögn til sönnunar á eignarhaldi.

18. Var ákærða kynnt að samkvæmt framlögðu bankayfirliti væru engar millifærslur á milli A og F. Kvaðst ákærði vísa hvað þetta varðar í bókhaldið. Ekki hefðu verið gerðar millifærslur á milli þessara félaga og því taldi hann að F ætti inni hjá A. Þessar 640.000 krónur sem hann hefði tekið hefðu verið einu peningarnir á reikningnum en hann telji að félagið hafi átt miklu meira inni hjá A. Spurður hvort gefnir hefðu verið út reikningar á A vegna vinnu F sagði ákærði að C hefði setið báðum megin við borðið, gefið út reikninga og greitt þá. Sjálfur hefði hann ekki gefið út reikninga vegna þeirrar vinnu þar sem hún hefði séð um rekstur á því fyrirtæki þangað til hann náði því til baka í kringum árið 2017.
19. Var ákærða kynnt að samkvæmt bankayfirliti hefði G lagt peningana inn skömmu eftir reiðufjárúttektina og var ákærði spurður hvers vegna sú fjárhæð hefði verið 30.000 krónum lægri en úttektin. Sagði ákærði að þessar 30.000 krónur sem vantaði væru vegna ferðakostnaðar hans sem ætti að skrifa á fyrirtækið. Væri þetta útlagður kostnaður hans en óvíst hvort hann gæti staðfest hann með gögnum. Sagði ákærði að aldrei hefði verið kallað eftir gögnum frá honum við rannsókn málsins og hann hefði ekki verið kallaður í yfirheyrslu.
20. Þá var ákærða kynnt að um mánuði eftir að peningarnir höfðu verið lagðir inn, eða [...] 2019, hefði erlend greiðsla að fjárhæð 555.680 krónur verið færð af reikningnum og kvaðst ákærði ekki vita hvaða greiðsla það væri. Staðfesti ákærði að hafa verið búsettur erlendis á þessum tíma en kvaðst aldrei hafa millifært út af þessum reikningi. Það hefðu verið viðskipti milli F og erlendra fyrirtækja og fleiri greiðslur verið sendar erlendis. F hefði að hluta til verið í eigu félaga á Y og þar á milli hefðu verið viðskipti með *servera* og annað, auk þess sem keyptar hefðu verið vörur og tæknivinna frá Y. Kvaðst ákærði hafa verið með fullt af fyrirtækjum og hefði ekki fylgst með öllum færslum. Hafi þetta verið greitt af reikningi F sé til nóta. Telji hann að það sé tilviljun að greiðslan hafi farið til Y svo skömmu eftir að hann tók út reiðuféð.
21. Ákærði kvaðst ekkert hafa auðgast um þessar 640.000 krónur og að ekkert af þessum fjármunum hefði runnið í hans vasa utan 30.000 krónur vegna útlagðs kostnaðar. Kvaðst hann telja að hann hefði fengið bókhald F á árinu 2017 en viti ekki hve lengi C hefði verið með prókúru á reikningnum. C og B hefðu séð um greiðslu reikninga félagsins á þeim tíma þegar peningarnir voru teknir út, ákveðið hvaða reikninga ætti að greiða og

séð um daglegan rekstur. Hann og G hefðu séð um greiðslu reikninga frá þeim tíma, aðallega hann, en reksturinn hefði verið lítill. Ákærði sagði að þegar atvik gerðust hefði verið komin mikil kergja á milli hans og B og C. Hefði honum og G verið neitað um aðgang að bókhaldsgögnum og þau verið farið að gruna ýmislegt. Hann og G hefðu verið með aðgang að bankareikningi félagsins og þar hefðu þau séð að allt sem hefði komið inn hefði jafnóðum verið tekið út aftur og sett yfir í m.a. H ehf. og E ehf. Fyrirtækið hefði verið rekið með tapi þó að það hefði verið bullandi hagnaður. Hefði þetta endað með því að hann hefði tekið þessa peninga út. Áður hefði hann reynt að ræða við þau, óskað eftir skýringum og óskað eftir bókhaldinu. Kvaðst ákærði ekki vita hvort hann hefði verið með prókúru á reikning F í kjölfar úttektarinnar en sem stjórnarmaður og framkvæmdastjóri hefði hann getað beðið um millifærslu án þess að vera með prókúru.

22. B sagði að ákærði hefði ekki komið að daglegum rekstri A en hann sjálfur gert það að hluta til. Helstu útgjöld félagsins hefðu verið að greiða fyrir forrit sem *keyrir kerfið* sem heitir [...]. Síðan hefði starfsmaður, sem í raun var á launum að hluta til hjá D ehf., fengið greitt og einnig hefði verið greitt fyrir vinnu sem J hefði unnið en hann hefði komið inn í félagið með þetta forrit og sína viðskiptavinum. A og F hefðu að hluta til verið í eigu ákærða og hann hefði verið búinn að *liggja* á vitninu í mörg ár og óska eftir að komast í samstarf við hann. Þeir hefði síðan hafið samstarf og hefði ákærða legið mikið á að *koma öllum tengslum á*. Hefði ákærði ekki haft tíma til þess að skila til þeirra gögnum eða uppgjöri vegna A. Að lokum hefðu þau keypt gögnin frá endurskoðanda og hefði þá komið í ljós um 8 milljóna króna skuld við eiganda sem hafi verið ákærði.
23. Vitnið sagði að eflaust hefði verið eitthvert samstarf milli F og A en F hefði ekki veitt hinu félaginu sem slíku einhverja þjónustu. Hefði allt gengið út á forritið sem J kom með og einnig hefði verið reynt að ná samningi við hótélkerfi. F hefði verið með einhverja *servera* sem að hluta til hefðu verið notaðir fyrir A. Lítið hefði verið um fjármálagerninga þarna á milli og viti hann ekki hvers vegna A ætti að skulda F. D ehf. hefði greitt rafmagn og hita og lagt lagnir. Þegar F fór í gjaldþrotameðferð hefði krafan frá D ehf. verið um 12 milljónir króna en D ehf. hefði verið að selja vöruna sem þau hefðu verið að búa til.
24. Vitnið staðfesti að ákærði hafi tekið 640.000 krónur í reiðufé út af reikningi A og þau enga skýringu fengið á því. Ákærði hefði ekki talað við þau sem voru í stjórn félagsins um þetta. Haldinn hefði verið fundur eftir hádegi sama dag og ákærði tók peningana út en þá hefði hann ekki minnst á þetta og hefði þetta allt verið mjög óeðlilegt. Þegar vitninu var kynnt að fram hefði komið hjá ákærða að hann hefði verið að greiða skuld A við F

sagði vitnið að hann hefði aldrei séð reikninga fyrir því. Ákærði hefði ekki haldið stjórnarfundum í A og heldur ekki aðalfundum í félaginu frá árinu 2014 þegar vitnið gekk til samstarfs við hann þrátt fyrir að hann og C hefðu margoft beðið hann um að halda fundum vegna ýmissa mála. Ákærði hefði síðan keypt félagið af þrotabúi D ehf.

25. Var vitninu kynnt að hluti af þessu reiðufé hefði verið lagður inn á F og kvaðst hann ekkert vita um það. Sagði vitnið að D ehf. hefði átt 20% í F og hann átt 60% í D ehf. Þegar vitninu var kynnt að fyrir lægi bankayfirlit F yfir fjögurra ára tímabil og kynnt greiðsla sem fram hefði farið um mánuði eftir að peningarnir hefðu verið teknir út, 555.680 krónur, og peningarnir sendir erlendis kvaðst vitnið ekki vita hvað þetta væri en það ætti að vera hægt að sjá það í bókhaldi félagsins.
26. Sagði vitnið að búið væri að endurskoða allt bókhald A og væri það geymt á öruggum stað, lögreglan hefði komið og tekið myndir af því og hefði skoðað allt sem tengdist ákærða. Í bókhaldinu ættu að vera reikningar vegna þjónustu frá F hafi hún verið keypt. Mögulega hefði A skuldað D ehf. vegna ógreiddrar vinnu. Þegar peningarnir hefðu verið teknir út hefði A ekki skuldað F og það hefði aldrei komið reikningur vegna skuldar. Vitnið sagði að ákærði hefði reynt að stýra starfseminni eins og hann hefði getað frá Y en kvaðst ekki halda að hann hefði verið að vinna við einhver ákveðin verkefni.
27. C kvaðst hafa séð um bókhald A frá því að samstarf hófst við ákærða árið 2014 og þangað til árið 2020. Hefðu helstu útgjöld félagsins verið internetgjöld og rekstur í kringum félagið. Þegar F fór í gjaldþrot hefði það skuldað öllum félögum, alls um 15 milljónir króna, og kvaðst hana minna að félagið hefði m.a. skuldað A. Var vitninu kynnt að hluti þeirra fjármuna sem teknir hefðu verið út af reikningi A hefði verið lagður inn á reikning F og taldi vitnið það ekki vera eðlilegt. Kvaðst hún ekki geta svarað því hvort það hefði verið greiðsla skuldar en ítrekaði að F hefði skuldað öllum félögum, en vitnið hefði einnig séð um bókhald þess félags. Hefðu verið gerðir reikningar fyrir öllum greiðslum á milli félaganna nema um væri að ræða lán á milli þeirra, þau hefðu alltaf verið færð til skuldar í bókhaldinu. Sagði vitnið að F hefði ekki verið að vinna fyrir A. F hefði verið að selja *box* og það ekkert gengið fyrr en skipt hefði verið um hugbúnað en ákærði hefði þá farið með þetta í burtu og ekki skilað virðisaukaskatti eða neinu eftir það.
28. Vitnið sagði að ákærði hefði verið með prókúru vegna A og einnig vegna F, að hún teldi. F hefði ekki verið að greiða neitt erlendis. Var vitninu kynnt að [...] 2019 hefði félagið greitt 555.680 krónur erlendis og sagði vitnið að ákærði hefði þá verið búinn að taka félagið í sínar hendur og hefði vitnið ekki komið nálægt þessari greiðslu. Hefði ákærði

tekið við félaginu árið 2017 eða 2018 og væntanlega séð um þessa millifærslu og á þessum tíma hefði hann verið búinn að taka bókhaldið frá þeim.

29. Vitnið sagði að endurskoðandi hefði fært úttekt ákærða í A á árinu 2018 sem kröfu á tengdan aðila. Þá kvaðst hún ekki muna eftir færslu í upphafi árs, 500.000 krónum, vegna tengds aðila. Ákærði hefði oft verið peningalaus og m.a. þurft peninga fyrir fari. Kannaðist hún við að félagið hefði skuldað ákærða. Ákærði hefði gengið til samstarfs við þau og sagði hann þá að félagið væri með miklar eignir og rekstur en þau hefðu ekki getað fengið bókhaldið strax. Síðan hefði D ehf. lánað félaginu fyrir ýmsum gjöldum. Þegar þau loks fengu bókhaldið, sem þau hefðu þurft að borga út frá endurskoðanda, hefði verið 8–9 milljóna króna skuld við ákærða og [...] en enginn rekstur. Sagði vitnið að bókhald A væru nú geymt hjá ótengdum þriðja aðila.
30. Sérfræðingur lögreglu nr. [...] í fjármunabrotadeild kom fyrir dóminn sem vitni, kvaðst hafa unnið að málinu ásamt féлага sínum um vetur og fram á vor 2022 og þá skilað skýrslu vegna þess sem vitnið staðfesti. Skýrslan varðaði þau atvik að ákærði hefði tekið út í reiðufé 640.000 krónur af bankareikningi A án þess að verið hefði rekstrarlegur tilgangur með úttektinni. Það sem hann og félagi hans hefðu gert var annars vegar að tala við kærðandann, B, og hins vegar hefðu þeir reynt að hafa samband við ákærða sem hefði búið erlendis. Áður en vitnið kom að málinu hafi verið tekin skýrsla af ákærða og hann spurður hvað hann hefði gert við peningana. Sjálfur hefði vitnið sent ákærða spurningar í gegnum tölvupóst og þá beðið hann um gögn og útskýringar á því hvernig hann hefði ráðstafað peningunum. Hefði ákærði engum gögnum skilað til hans.
31. Staðfesti vitnið að samkvæmt niðurstöðu skýrslunnar hefði verið um að ræða skattskylda úttekt hjá ákærða og að mögulega væri um að ræða fjárdrátt. Sagði hann að ákærði hefði sagt þeim að fjármunirnir hefðu verið lagðir inn á eitthvert félag. Þeir hefðu beðið ákærða um gögn þessu til staðfestingar en ekki fengið þau og hefði vitnið ekki séð gögn um þetta. Þá hefði B verið beðinn um þessi gögn og sagðist vitnið halda að málsskjölum hefði fylgt bókhald A. Lögregla hefði fengið fleiri kærur vegna félagsins og hefðu þær verið á báða bóga og væru fleiri mál til rannsóknar. Þeir hefðu bæði skoðað bókhald og fylgiskjöl til að kanna hvort þessi skjöl væru til og hvort gengið hefði verið frá bókhaldinu eins og vera bæri. Var vitninu kynnt að ákærði héldi því fram að það hefði verið skuld á milli A og F og að hann hefði í raun verið að taka peningana upp í þá skuld. Sagði vitnið þá að ástæða þess að þeir vildu fá gögnin hefði verið sú að athuga hvort hægt væri að staðfesta það sem ákærði sagði en það hafi ekki tekist.

32. Var vitninu kynnt að fram kæmi í samantekt hans að í bókhaldinu hefði verið skuld við eiganda A. Staðfesti vitnið þetta en kvaðst ekki vita hver hefði verið tengdur aðili í þessu samhengi en seinasta ársreikningi hefði verið skilað 2017. Til væru yngri ársreikningar sem hefði ekki verið skilað eða þeir verið afturkallaðir. Kvaðst hann telja að hann hefði verið með þá og fengið upplýsingar úr þeim.
33. G kvaðst vera viðskiptafræðingur og hefði hún skoðað fjármál í sameiginlegum félögum ákærða og B, A, F og fleiri, líklega síðan 2017 eða 2018, fyrir ákærða sem væri [...] hennar. Kvaðst hún hafa reynt að sjá um bókhald fyrir félögin á þessum tíma, 2018–2019, og reynt að fá bókhaldið en fyrrverandi bókari vildi ekki afhenda gögnin. Hún hefði sérstaklega verið að skoða E ehf. og skoðað ársreikninga D ehf., sem nú væri gjaldþrota. Kvaðst hún hafa séð um bókhald A undanfarin ár.
34. Var vitninu kynnt að ákærði hefði verið ákærður vegna töku peninga út af reikningi A árið 2018. Sagði vitnið að hún hefði skilið það svo að ákærði hefði farið til gjaldkera og tekið féð út. Í framhaldi af því hefði hún fengið þessa peninga í hendur. Ákærði hefði síðan beðið hana um að fara með peningana í banka og leggja inn á F af því að ákærði ætlaði að greiða skuldir sameiginlegs félags þeirra, E ehf., lán sem hefði verið í vanskilum. Síðan hefði verið greitt inn á þessa skuld. Hafi hún a.m.k. skilið þetta svona en kvaðst ekki muna hvort það hefði verið skuld A, F eða D ehf. en féð hefði átt að enda í E ehf. Gæti hún verið að rugla eitthvað saman innborgunum. Viti hún ekki hvort ákærði hafi haldið einhverju eftir af þeim peningum sem hann tók út en hún hefði tekið við því sem lagt hefði verið inn á F.
35. Sagði vitnið að á árunum 2018–2019 hefði hún reynt að fá bókhaldið frá F afhent og hafi það endað með því að hún færði eitthvað af þessu bókhaldi eftir bankahreyfingum af því að hún hafi ekki fengið það afhent. Í byrjun árs 2019 hafi hún ekki verið inni í fjármálum F og hafi einungis sinnt bókhaldi og skoðað hreyfingar og þá verið að reyna að koma upplýsingum til skattsins.
36. Vitnið sagði að aðdragandinn að því að hún lagði peningana inn á reikning F hefði verið sá að fjármunir hefðu verið að fara frá A inn í annað félag, mjög reglulega. Hefðu þeir verið teknir út til að greiða skuldir í stað þess að þeir færu í annað félag sem þau vissu ekki hvaða tilgangi þjónaði. Ákærði hefði búið erlendis og látið hana hafa peningana og hefði hann jafnframt verið erlendis þegar hún lagði þá inn að beiðni hans. Sagði vitnið að eftir að hún hefði komið að bókhaldi F hefði enginn rekstur verið í því félagi.
37. Var vitninu kynnt að á bankayfirliti F kæmi fram greiðsla [...] 2019 að fjárhæð 555.680

krónur. Kvaðst vitnið ekki hafa framkvæmt hana og ekki hafa verið með bankaaðgang hjá þessu félagi. Vissi hún ekki hvaða greiðsla þetta væri og myndi ekki eftir sambærilegum greiðslum. Yfirleitt hefðu það verið lægri reikningar sem félagið hefði verið að greiða. Þá hafi hún vitað að ákærði var ekki með heimabankaaðgang og hefði ekki fundist óeðlilegt að fjármunirnir væru færðir á milli í reiðufé. Kvaðst hún ekki vita hvernig þessi færsla hefði verið færð í bókhaldi.

IV

Niðurstaða

38. Ákærði er ákærður fyrir fjárdrátt með því að hafa dregið sér fé að fjárhæð 640.000 krónur úr einkahlutafélaginu A, en ákærði var einn af eigendum félagsins og prókúruhafi, og tekið upphæðina út í reiðufé af reikningi félagsins og nýtt í eigin þágu. Í ákæru er brot ákærða talið varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt lagaákvæðinu skal sá sæta fangelsi allt að sex árum sem dregur sér fjármuni eða önnur verðmæti sem maður hefur í vörslum sínum en annar maður er eigandi að.
39. Ákærði var einn af þremur stjórnarmönnum í A þegar atvik gerðust og helmingseigandi félagsins á móti D ehf. Kærendur í máli þessu, vitnin B og C, voru einnig stjórnarmenn í A. Af málgögnum og því sem fram kom við aðalmeðferð málsins verður ráðið að upp hafi komið ágreiningur milli ákærða og annarra stjórnarmanna. Ákærði hefur viðurkennt að hafa tekið þá fjármuni sem greinir í ákæru út af reikningi félagsins í reiðufé og gefið síðar fyrirmæli um að þeir skyldu lagðir inn á reikning F. Liggja fyrir gögn sem staðfesta báðar þessar færslur. Þá hefur ákærði viðurkennt að hafa notað 30.000 krónur af þeim peningum sem hann tók út til að greiða ferðakostnað sinn. Ákærði gat ekki gert nánari grein fyrir því um hvaða kostnað hafi verið að ræða eða lagt fram gögn því til staðfestingar.
40. Ákærði byggir sýknukröfu sína á því að hann hafi með því að færa fjármunina inn á reikning F verið að greiða skuld A við það félag. Taldi hann sig vera í fullum rétti til þess sem stjórnarmaður og prókúruhafi í félaginu. Hefur vitnið G staðfest að hafa [...] 2018 lagt 610.000 krónur inn á reikninginn að beiðni ákærða og taldi vitnið að um væri að ræða þá peninga sem ákærði tók út af reikningi A [...] 2018. Sagði vitnið að peningarnir hefðu verið millifærðir til greiðslu skuldar en vissi ekki um hvaða skuld hefði verið að ræða eða hvernig hún hefði verið færð í bókhaldi félagsins. Kom fram hjá ákærða að fjármuninum hefði ekki verið ráðstafað í eitthvað tiltekið eins og greiðslu skuldar eins

og vitnið G bar um. Sagði hann að sá hluti fjármunanna sem þegar hafði verið ráðstafað þegar F var úrskurðað gjaldþrota hefði farið í daglegan rekstur félagsins.

41. Ákærði hefur engin gögn lagt fram til staðfestingar á því að hann hafi verið að greiða lögmætar skuldir félagsins með þeim fjármunum sem hann tók út af reikningi þess. Hafa skýringar hans sjálfs á því um hvaða skuld hafi verið að ræða einnig verið óljósar utan þess að hann sagði félagið hafa skuldað F. Þá eru þessar skýringar hans í ákveðnu ósamræmi við framburð hans fyrir dómi um að féð hafi farið í daglegan rekstur félagsins. Einnig eru almennar tilvísanir ákærða til bókhalds félagsins að engu hafandi en samkvæmt gögnum lögreglu og vætti lögreglumanns sem kom að rannsókn málsins hafði lögregla aðgang að bókhaldi félagsins við rannsókn málsins og var þar ekki að finna gögn til staðfestingar á vörnum ákærða. Þá töldu aðrir stjórnarmenn að félagið hefði ekki skuldað F á þessum tíma og vitnið C bar um að hefðu verið veitt lán á milli félaganna hefði það verið fært sem slíkt í bókhaldi. Er það mat dómsins að framburður ákærða um ráðstöfun fjármunanna sé ótrúverðugur og verður ekki á honum byggt við úrlausn málsins.
42. Fyrir liggur að eftir að atvik gerðust keypti ákærði hlut D ehf. í A og er því einn eigandi félagsins. Breytir það engu um refsinemi þeirrar háttsemi sem greinir í ákæru. Þá hefur ekki verið upplýst hver var móttakandi greiðslu sem send var erlendis af reikningi F, [...] 2019, að fjárhæð 555.680 krónur og eru því engar forsendur til að líta til hennar við úrlausn málsins.
43. Sem stjórnarmaður í A, einn eigenda og prókúruhafi hafði ákærði vörslur fjármuna félagsins og var í aðstöðu til að taka fé út af reikningi þess. Samkvæmt þeim gögnum sem liggja fyrir tók hann fjármuni út í reiðufé án lögmæts tilgangs í samræmi við það sem greinir í ákæru. A er skráð einkahlutafélag og þannig sjálfstæður lögaðili sem varð fyrir tjóni af háttsemi ákærða. Samkvæmt þeim gögnum sem liggja fyrir voru lögmanni ákærða sendir tölvupóstar þar sem gerð var athugasemd við úttektina áður en G lagði stærstan hluta peninganna inn á reikning F [...] 2018. Til að fjárdráttarbrot teljist fullframið þarf að sanna ásetning bæði til tileinkunar og auðgunar. Með því að taka féð út af reikningi félagsins í sínar vörslur tileinkaði ákærði sér féð með ólögmætum hætti í auðgunarskygni, sbr. 243. gr. almennra hegningarlaga, og var þá þegar um fullframið fjárdráttarbrot að ræða. Valdi ákærði að leggja féð inn á reikning F, sem óumdeilt er að hann stýrði og hafði þá sjálfur umráð yfir, fyrir utan 30.000 krónur sem hann hefur viðurkennt að hafa ráðstafað.

44. Með vísan til alls framangreinds telur dómurinn sannað, þannig að hafið sé yfir skynsamlegan vafa, sbr. 108. og 109. gr. laga um meðferð sakamála, að ákærði hafi framið það brot sem lýst er í ákæru og er brot hans þar rétt heimfært til refsíákvæðis.
45. Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. [...] 2022, hefur ákærði ekki gerst sekur um refsiverða háttsemi. Þá eru hátt í fimm ár liðin síðan ákærði framið brotið og verður ákærða ekki kennt um þann drátt sem orðið hefur á meðferð málsins. Með hliðsjón af framangreindu og sakarefni þessa máls þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 60 daga fangelsi, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.
46. Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þóris Arnar Árnasonar lögmanns, 1.700.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Annan sakarkostnað leiddi ekki af meðferð málsins.
47. Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Silja Rán Arnarsdóttir aðstoðarsaksóknari.
48. Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.
49. Við uppkvaðningu dómsins er gætt ákvæða 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð sakamála.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Pétur Pétursson, sæti fangelsi í 60 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þóris Arnar Árnasonar lögmanns, 1.700.000 krónur.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir